



“Lentir þú í árekstri”

Láttu okkur þá laga bílinn.

Frí Tjónaskoðun.



FIMM STJÖRNU GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI



Auðbrekku 27. Kópavogi

554 2510

www.bilasprautun.is

GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989



Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins KGP.IS

21. tölublað 35. árgangur. Fimmtudagur 6. júní 2024

Oftar en ekki opið

Garðabær Opið alla daga frá 8-23:30



Krambúðin

FASTEIGNASALAN
TORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR

Sigurður Gunnlaugsson
löggtur fasteignasali
Sími 898 6106

FLATEY
PIZZA NAPOLETANA
Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval
HELSA & HVERJINGJA

24/7
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjvals
Hæðasmára

Birna Sól og Herdís Heiða Jing dúxuðu í FG

Dúxar FGI! Kristinn Þorsteinsson skólameistari FG ásamt Herdís Heiðu Jing Guðjohansen og Birnu Sól Guðmundsdóttir, en báðar voru þær með 9.4 í meðaleinkunn

Sá einstæði og skemmtilegi atburður átti sér stað við brautskráningu stúdenta í FG þann 1.júní sl. að tveir nemendur voru með nákvæmlega sömu lokaeinkunn og urðu því báðir dúxar.

Jing Guðjohansen, náttúrufræðibraut (tæknisviði). Þær voru báðar með 9.4 í meðaleinkunn. Fengu þær einnig fleiri verðlaun og viðurkenningar fyrir góðan árangur í námi, en það var Anna María Gunnarsdóttir, aðstoðarskólameistari, sem stýrði afhendingu verðlauna og athöfninni í heild sinni. (Framhald á bls. 6).

Þetta voru þær Birna Sól Guðmundsdóttir af listnámsbraut (myndlistarsviði) og Herdís Heiða

KOMINNTÍMA SKOÐUN?

Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is

Frumherji

HAFÍÐ
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta mátt -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

YUZU HEFUR OPNAÐ Í
LITLATÚNI, GARÐABÆ

“SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI”

LEMON
KOMBÓ MÁNADARINS
TUNACADO & DAZED
MEIRA HOLLT - MEIRA NAMM

2.390 KR.

**30%
AFSLÁTTUR
MEÐ VILDARKORTI
LINDAR**



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsöllum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Alls bærust 233 tilboð í lóðir við Kumlamýri og í Prýðahverfi



Tilboðin skoðuð! F.v. Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, Guðlaugur Kristmundsson, Margrét Bjarnadóttir og Gunnar Valur Gíslason bæjarfulltrúar

Það var mikil eftirspurn eftir 4 parhúsalóðum við Kumlamýri og 7 einbýlishúsalóðum í Prýðahverfi, en tilboð í byggingarétt fyrir lóðirnar voru opnuð á fundi bæjarráðs sl. þriðjudag.

Alls bærust 233 tilboð í þessar 11 lóðir. Samtals bærust 161 tilboð í byggingarétt lóða við Kumlamýri 5-7, 6-8, 17-19 og 21-23 og 72 tilboð bærust samtals í byggingar-

rétt lóða við Garðprýði 2, 4 og 6. Kjarrprýði 1, 2 og 3 og Steinprýði 2 og 11. Tilboðin komu frá söluaðilum, þ.e. Torg - fasteignasölu, Garðatorg eignamiðlun, Fasteignamarkaðinum og Fasteignasölunni Miklaborg.

Tilboðin verða skráð, flokkuð nánar og tekin til afgreiðslu á fundi bæjarráðs þriðjudaginn 11. júní 2024.



Samtals bærust 161 tilboð í byggingarétt lóða við Kumlamýri

Er ég fasteignasalinn þinn?



Ég býð uppá:

- Faglegt verðmat.
- Mjög góða ljósmyndun hjá virtum aðila.
- Sölumöppur.
- Opin hús og einkasýningar.
- Góða eftirfylgni.
- Sanngjarna sölubóknun.

Hringdu í síma 623-1717 eða sendu tölvupóst á svavar@fstorg.is.

Svavar Friðriksson
Fasteigna- og skipasali



FRÍMANN & HÁLF DÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálf dán
898 5765



Ólöf
898 3075



Kristín
699 0512

Staphrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



Heiðveig Hanna ráðin skólastjóri Flataskóla

Heiðveig Hanna Friðriksdóttir hefur verið ráðin skólastjóri Flataskóla en undanfarið skólaár hefur hún verið starfandi skólastjóri Flataskóla.

Hún tekur formlega við stöðunni af Ágústi Frímanni Jakobssyni sem hefur verið í leyfi á þessu skólaári. Hún hefur átt farsælan kennslu- og stjórnunarferil innan grunnskóla og mun áfram leiða framsækið starf Flataskóla í samvinnu við alla aðila skólasamfélagsins.

Heiðveig Hanna er með leyfisbréf til kennslu og er í meistaranámi í stjórnun

menntastofnana. Hún hefur starfað til fjölda ára við kennslu og á sviði skólastjórnunar sem deildarstjóri og skólastjóri. Í starfi sem skólastjóri hefur hún öðlast reynslu á sviði rekstrar og stjórnsýslu.

Heiðveig hefur sýnt frumkvæði í skólaþróun eins og verkefnum innan réttinda-skóla UNICEF, leiðsagnamáms og teymiskennslu

Heiðveig Hanna Friðriksdóttir hefur verið ráðin skólastjóri Flataskóla en undanfarið skólaár hefur hún verið starfandi skólastjóri Flataskóla



Toyota fagnar sumrinu á laugardag

Sumri verður fagnað hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á laugardag, 8. júní. Þá verður efnt til sýningar þar sem sjá má alla Toyotalínuna og söluráðgjafar verða að sjálfsgöðu í sumarskapi og finna rétta bílinn sem hentar fyrir ferðalögin fram undan.

Einnig verður nýr Yaris Cross frumsýndur en þessi stærri útgáfa af Yaris hefur svo sannarlega verið vel tekið enda er hann tilvalinn fjölskyldubíll. Yaris Cross fæst nú með öflugri vél en áður, 5. kynslóð Hybridkerfisins og fleiri nýjungum. Opið er á laugardag kl. 12 – 16 hjá Toyota í Kaupþúni, Reykjanesbæ á Akureyri og Selfossi.



Dælustöð fyrir dreifingu á köldu vatni að Vetrarbraut 38

Bæjarráð hefur samþykkt afgreiðslu byggingarfulltrúa Garðabæjar að veita Samveitum Garðabæjar leyfi til að byggja dælustöð fyrir dreifingu á köldu vatni að Vetrarbraut 38.



17. JÚNÍ

Í GARÐABÆ

ÁRA AFMÆLI

LYÐVELDISINS

MÁNAR Á GARDABAER.IS

Reginn er nú Heimar

Heimar er eitt öflugasta og framsæknasta fasteignafélag landsins. Hjá Heimum mótum við nýjan farveg fyrir spennandi tækifæri og sköpum sjálfbæra borgarkjarna.

Á Garðatorgi hafa Heimar þróað fjölbreytt verslunar- og þjónusturými sem hýsir m.a. Ísbúðina Huppu, Flatey, Hönnunarsafn Íslands, Te & kaffi, Bónus og Mathús Garðabæjar. Þessir sterku rekstraraðilar gefa Garðbæingum enn betri ástæðu til að nýta sér þjónustu fleiri aðila í sömu ferð. Á Garðatorgi má svo sannarlega lifa, leika og starfa.

Garðatorg er hluti af Heimum.

GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 13. júní

Síðasti skiladagur föstudaginn 7. júní
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár - frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ
VIRÐING
TRAUST
REYNSLA

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
Útfararstjóri
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Útfararstjóri
S: 793 4455



Jóhanna Eiríksdóttir
Umsjón útfara



Guðmundur Örn Jóhannsson
Framkvæmdastjóri
Umsjón útfara
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta

S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

utforin.is

REYKJAVÍK | KÓPAVOGI | GARÐABÆ | HAFNARFIRDI | LANDSBYGGÐINNI

K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSALÖGN



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins **kgp.is**

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

Tveir kórar úr Garðabæ syngja í Hörpu



Sunnudaginn 9. júní nk. kl. 14.00 syngja tveir kórar úr Garðabæ, Kór Vídalínskirkju og Garðakórinn, á tónleikum í Hörpuhorni í Tónlistarhúsinu Hörpu í Reykjavík.

Þessir tónleikar eru hluti af tónleikaröð Félags íslenskra kórstjóra - FÍK. Tón-

leikarnir hefjast kl. 14.00 með söng Kórs Vídalínskirkju, síðan bætist Garðakórinn við og kóramir syngja tvö lög saman og loks syngur Garðakórinn nokkur lög. Stjórnandi kóranna er Jóhann Baldvinsson.

Tónleikarnir eru klukkustundar langir, aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Sjá

Kór Vídalínskirkjan

nánar á heimasíðu Hörpu, <https://www.harpa.is/dagskra>.

Það er ekki á hverjum degi sem tveir kórar úr Garðabæ syngja í Hörpu og kjörið tækifæri að koma og hlusta á kórana.

Garðakórinn, kór eldri borgara



Minjagarðurinn á Hofsstöðum fyrir alla, alltaf

Nú þegar grasið er að grænka og skólástarfi að ljúka fara fjölskyldur á kreik til að njóta útiveru saman. Það er ekki úr vegi að benda á Minjagarðinn á Hofsstöðum við Kirkjulund sem er opinn alla sólarhringinn en þar geta gestir fræðst um lífið á landnámsöld eða einfaldlega átt notalega stund með nesti. Einkar áhugavert er að skyggast inn í fortíðina í gegnum sjónauka sem sýna hvernig landnámskálinn á Hofsstöðum var byggður upp og hvað fólkíð sem þar bjó var að bardúsa. Að sögn menningarfulltrúa eru Garðbæingar duglegir að heimsækja Minjagarðinn enda einstakt að búa yfir slíkum sögustað í miðjum bænum.



Íbúðum gæti fjölgað um 230 á rammahluta Vífilsstaðalands

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til rammahluta Vífilsstaðalands um tilfærslur á íbúðafjölda.

Tillagan gerir ráð fyrir því að fjöldi íbúða í Hnoðraholti norður hækki úr 470-520 í 500-600, en fjöldi íbúða í Hnoðraholti suður lækki úr 700-750 í 600-700.

Á miðsvæði í Vetramýri fjölgi íbúðum úr 600-800 í 700-900.

Á Vífilsstöðum vestur verði gert ráð fyrir 100-200 íbúðum í stað 100.

Breytingar koma fram í greinargerð Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030, rammahluta Vífilsstaðalands. Skipulagsnefnd hefur vísað tillögunni til forkynningar.



Framkvæmdir eru hafnar í Vetramýri, en á miðsvæðinu er gert ráð fyrir að íbúðum fjölgi úr 600/800 í 700/900



SUMARSÝNING 8. JÚNÍ KL. 12–16

LYKILLINN AÐ SUMRINU

bíður eftir þér hjá næsta söluaðila



Frumkýning!

TOYOTA YARIS CROSS

Nú í enn kraftmeiri útgáfu



TOYOTA FÖRUM LENGRA

Söluráðgjafar okkar eru í samningskapi og bjóða úrval bíla á sérstökum sumarkjörum



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERBLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bílnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.



Stærsta brautskráning í sögu Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Að þessu sinni voru 144 brautskráðir, sem gerir þetta stærstu brautskráningu í sögu Fjölbrautaskólans í Garðabæ, sem fagnar 40 ára afmæli á þessu ári.

Af þeim 144 sem brautskráðust voru ellefu sem luku námi í lok miðnarr í febrúar. En alls luku 35 nemendur námi af listnámsbrautum, 31 af viðskiptabraut, 20 af náttúrufræðibraut, 16 af félagsvísindabraut, 16 af hönnunar og markaðsbraut, 13 af íþróttabraut, 8 af alþjóðabrautum og 5 með lokapróf frá FG.

Ávarp nýstúdenta fluttu saman þær Guðrún Fjóra Ólafsdóttir, Laufey Rán Svavarsdóttir og Úlfhildur Arna Unnarsdóttir. Um tónlistarflutning sáú Gréta Þórey Ólafsdóttir og Lóa Kolbrá Friðriksdóttir. Þá flutti Áslaug Hulda Jónsdóttir kveðju frá skólanefnd.

Í ræðu sinni fór Kristinn Þorsteinsson víða og fjallaði meðal annars um nýlega rannsókn

á áhrifum styttingar náms til stúdentsprófs, lýðræði og kosningar, en þennan dag var einnig kosinn nýr forseti Íslands.

Sagði Kristinn skólaárið hafa verið gott og nefndi þar sérstaklega félagslíf nemenda, sem var með miklum blóma, undir stjórn Nemendafélags FG, NFFG.



Gullmerki FG! F.v. Kristinn Þorsteinsson, skólameistari FG, Sigurkarl Magnússon, Þórunn Bergþóra Jónsdóttir, Þórdís Gunnarsdóttir og Anna María Gunnarsdóttir, aðstoðarskólameistari FG

Sigurkarl og Þórunn fengu gullmerki skólans

Að lokum voru svo veitt gullmerki skólans, en þau Sigurkarl Magnússon og Þórunn Bergþóra Jónsdóttir, kennarar, létu af störfum eftir langan starfsferil. Þá lét Þórdís Gunnarsdóttir, stuðningsfulltrúi einnig af störfum og fékk gullmerki FG



Viðurkenning! F.v. Tinna Ösp Arnardóttir, kennari við FG, Tara Sól, Birta Magnea, Harpa Lind og Sara Rós fengu viðurkenningu fyrir góðan árangur á hönnunar og markaðsbraut



KRÓKUR Á GARÐAHOLTÍ

OPIÐ HÚS Í KRÓKI ALLA SUNNUDAGA Í SUMAR FRÁ KL. 11:30-15:30

Krókur á Garðaholti er lítill bárujárnsklæddur burstabær sem var endurbyggður úr torfbæ árið 1923. Bílastæði eru við samkomuhúsið á Garðaholti.

Allir velkomnir og aðgangur er ókeypis.

 facebook.com/krokursafn/


GARÐABÆR
www.gardabaer.is



Tillaga að skipulagi Arnarlands- Kynningarfundur

ÞRIÐJUDAGINN 11. JÚNÍ | GARÐATORGI 7 | KLUKKAN 17.00

Skipulagsnefnd Garðabæjar hefur samþykkt að vísa tillögu að deiliskipulagi Arnarlands til auglýsingar ásamt tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016–2030 sem nær til sama svæðis.

Kynningarfundur verður haldinn þriðjudaginn 11. júní í sal bæjarstjórnar Sveinatungu að Garðatorgi 7 og hefst hann klukkan 17.00.

Fundurinn verður einnig í beinu streymi á vef Garðabæjar: www.gardabaer.is

Öll velkomin

Myndasafn bæjarstjórans:

Miklu áorkað á tveimur árum

Í þessari viku eru liðin tvö ár frá því að ég var ráðinn til starfa sem bæjarstjóri í Garðabæ. Það er óhætt að segja að tíminn hafi liðið hratt og verkefni hafa verið og eru fjölmörg.

Mig langar til að deila með lesendum hluta af því sem hefur áunnist á þessum tíma. Mér finnst ánægjulegt að líta til baka. Við höfum náð mjög góðum árangri á ýmsum sviðum, bæði hvað varðar uppbyggingu stækkandi bæjar en einnig hvað varðar mikilvæga þætti sem efla mannliðið í bænum okkar og styrkja þjónustu við íbúa á öllum aldri.

Ég skrifa þennan pistil í sumarmánuðinum júní í norðan kalsa og gulri viðvörun. Það er kannski táknrænt fyrir eðli verkefnanna. Stundum hefur viðráð vel og allt verið í takt við það sem vænst var. Þá hefur verið skemmtilegra að lifa og verkefni bera fljótt sýnilegan ávöxt. En það hafa

líka verið krefjandi tímar, við höfum glímt við óvæntar aðstæður og þurft að bregðast við ýmsu. Þannig verður það alltaf. En bæði á góðum tímum og þeim sem eru meira krefjandi, finnum við taktinn í góðu samstarfi og samtali. Mér hefur þótt vænt um að eiga í góðu og beinu samtali við íbúa Garðabæjar og er þegar byrjaður að undirbúa haustið, íbúafundi og samtöl.

Ég læt myndir og myndatexta tala sínu máli. Um leið vil ég þakka fyrir gott og gefandi samstarf við fjölmarga íbúa, starfsfólk, bæjarfulltrúa og aðra. Ég hlakka til framhaldsins og veit að við eigum í vændum áframhaldandi uppbyggingu og verkefni sem efla og styrkja bæinn okkur.

Garðabær er gott samfélag!

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri Garðabæjar.



Fyrsti fundur nýrrar bæjarstjórnar í júní 2022.



Heimsókn bæjarráðs í endurbætt húsnæði Álftanesskóla.



Vígsla Urriðaholtsskóla og sex ára afmæli. Nú er búið að taka annan áfanga í notkun og framkvæmdir við þann þriðja hefjast fljótlega.



Frá bæjarstjóra til bæjarstjóra, Gunnar Einarsson afhenti keflið til mín, í þessu tilfalli Sögu Garðabæjar.



Ég laumaði mér inn á ungmennabýing í Ásgarði þar sem 100 ungmenni ræddu málefni bæjarins og lögðu línurnar. Ungmennaráð Garðabæjar og ÍTG vinna úr hugmyndum þeirra og koma í framkvæmd.



Á dögnum voru ný undirgöng á Arnarnesi vígd, en krakkar í Sjálandsskóla gerðu það á hjólunum sínum. Fjölmargar göngu og hjólaleiðir hafa verið teknar í gagnið undanfarin tvö ár.



Hér er ég með gott útsýni úr nýjum rafvagni Strató, en ég hef einnig haft það fyrir sið að hlaupa um bæinn og fylgjast með framkvæmdum okkar og uppbyggingunni sem er á mikilli siglingu.



Mikil orka og áhersla hefur farið í endurbætt skólahúsnæðis í Garðabæ á síðustu tveimur árum. Við teljum okkur vera á góðum stað, en umfangsmiklar framkvæmdir eru í gangi í Garðaskóla.



Við höfum haldið fjölmarga íbúafundi á síðustu tveimur árum, einna fjölmennastur og fjörugastur var þó fræðslufundur um máva í landi Garðabæjar. Íbúar hafa tekið höndum saman og sinnt sínu hlutverki vel í baráttunni við mávana.



Vinagarður í Urriðaholti, frábær bæjargarður sem var vígður sumarið 2023. Hér er ég með Bergljótu Hreinsdóttur, sem átti hugmyndina að nafni garðsins.



Garðabæingurinn okkar var útnefndur í fyrsta sinn í byrjun ársins, Páll Ásgrímur Jónsson er vel að þeirri nafnbót kominn.



Þegar ég flakkaði um Garðabæ fékk ég tækifæri til að ræða málefni bæjarins við íbúa, milliliðalaust. Hér er ég með Hafliða Kristinssyni, formanni íbúasamtaka Urriðaholts.



Fríðlýsing Bessastaðanes var góður áfangi. Nýverið fríðlýstum við einnig Urriðakotshraun.



Vorið 2023 römuðum við upp Garðatorg. Rampur númer 450 á Íslandi er við Rakarastofu Garðabæjar.



Uppbyggingin í bænum gengur vel. Hér er ég í Hnoðraholti en lóðir þar voru afar vinsælar þegar þær fóru á sölu. Sömuleiðis gengur uppbygging hverfa á Álftanesi mjög vel.



Loftgæðamælirinn okkar á Garðahrauni er byrjaður að mæla.



Samstarf Garðabæjar og FEBG hefur verið mjög farsælt. Við höfum einnig umbylt aðstöðu fyrir félagsstarf eldra fólks í bænum og í haust verður opnunartími Jónshúss lengri.



Skóflustunga fyrir búsetukjarna í Brekkúási 2. Hann opnaði haustið 2023 við mikla gleði.



Miðgarður er frábært fjölnota íþróttahús. Á sumardaginn fyrsta var þar mikið um að vera og við gerðum samstarfssamning við Skátana. Við höfum lagt áherslu á gott samstarf við frjálsu félagsamtökin í bænum.



Fulltrúar í bæjarráði og fyrrverandi Bæjarritari rýna tilboð í byggingarrétt lóða í Hnoðraholti.



Jazzþorpið er komið til að vera og eflist áfram. Menningarstarf Garðabæjar er sterkt og margar aðrar hátíðir mætti nefna.



Plukkað á Álftanesi



Urriðaból við Holtsvæg opnaði í vor, einn glæsilegasti leikskóli landsins. Sá þriðji sem við opnum á kjörtímabilinu, en fyrst opnaði Urriðaból við Kaupþún, svo leikskóladeild Sjálandsskóla.



Árlega hittist hópur starfsmanna Garðabæjar sem kominn er á eftirlaun og við höldum veislu með þeim. Þar hitti ég mömmu, Ölmú Hákonardóttur, sem vann á bæjarskrifstofunni.



Þetta hefur verið skemmtilegur tími, einna skemmtilegast hefur samtalið við ungu kynslóð bæjarins verið. Þessir krakkar innsigliðu samning við Stjórnuna með fimmu!

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við tillögu að breytingu sem nær til Arnarlands (Arnarnesháls)

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nái til Arnarlands (Arnarnesháls) verði auglýst þegar brugðist hafi verið við ákveðnum atriðum sem fram koma í erindinu.

Þetta kom hjá Arinbirni Vilhjálmssyni skipulagsstjóra Garðabæjar á fundi skipulagsnefndar í síðustu viku þar sem hann gerði grein fyrir fundi hans og skipulagsráðgjafa með Skipulagsstofnun, en þar voru lagðar fram hugmyndir að því með hvaða hætti mætti bregðast við þeim ábendingum sem stofnunin gerði.

Á fundinum var lögð fram tillaga að breytingum á ákvæðum tillögunnar sem koma til móts við ábendingar stofnunarinnar og eru í samræmi við þá deiliskipulagstillögu sem lögð er fyrir fundinn. Skipulagsnefnd samþykkti að vísa breytingartillögunni með þeim breytingum sem lagðar eru til auglýsingar og verður tillagana auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi Arnarlands.

Arnarland - deiliskipulag

Á fundi skipulagsnefndar var síðan lögð fram tillaga að deiliskipulagi Arnarlands sem nær til 8,9 ha svæðis sem í Aðalskipulagi nefnist Arnarnesháls. Tillagan er unnin á vegum landeiganda í samvinnu við Garðabæ, en það var Jóhanna Helgadóttir arkitekt og skipulagsfræðingur hjá Nordic gerði grein fyrir tillögunni. Umsjón með gerð deiliskipulags Arnarlands er í höndum Nordic Arkitektastofu, ásamt Landslagi og VSB verkfræðistofu. Umhverfisskýrsla og önnur ráðgjöf er unnin af EFLU verkfræðistofu, umferðagreiningar voru unnar af Mannvit nú Cowi og sér sami aðili um Breeam vottun tillögunnar.

500 íbúðir og u.þ.b. 40.000 m² af verslunar-, skrifstofu- og þjónusturými

Samkvæmt tillögunni verður byggðin blanda af 3-6 hæða fjölbýlishúsum ásamt atvinnu-, verslunar og/eða þjónustuhúsnæði næst Hafnarfjarðarvegi. Tvær aðkomuleiðir eru að byggðinni, frá Fífuhvamsvegi og um fyrirhuguð undirgöng undir Arnar-

nesveg frá Akrabraut. Umferðarreikningar sýna að stærsti hluti umferðar að og frá hverfinu verður um Fífuhvamsveg. Fjölbýlishúsaþbyggð næst Arnarnesháls og Fífuhvamsvegi er uppbotin og lagar sig að landhalla og myndar umgjörð um sameiginlega inngarða. Sérstök kennileitnisbygging/atvinnuhúsnæði getur orðið allt að 8 hæðir. Til móts við atvinnuhúsnæði fyrir miðju svæðisins er gert ráð fyrir verslunar- og/eða þjónusturými á jarðhæðum í tengslum við miðlægt torg þar sem m.a. er gert ráð fyrir stoppistöð Borgarfínu. Á svæðinu er gert ráð fyrir u.þ.b. 500 íbúðum og u.þ.b. 40.000 m² af verslunar, skrifstofu og þjónusturými.

Vilja styrkja nærumhverfið og bæta lífsgæði þeirra sem sækja svæðið
Meginmarkmið skipulagsins er að leggja grunn að öflugu borgarumhverfi sem styrkir nærumhverfið og bætir lífsgæði bæði þeirra sem sækja svæðið, starfa og búa á svæðinu og í nálægð við það. Helstu áherslur eru á starfsemi og uppbyggingu sem styður við virkan lífsstíl og blandaða byggð.



Samkvæmt tillögunni verður byggðin blanda af 3-6 hæða fjölbýlishúsum ásamt atvinnu-, verslunar og/eða þjónustuhúsnæði næst Hafnarfjarðarvegi



Arnarland nær til 8,9 ha svæðis sem í Aðalskipulagi nefnist Arnarnesháls

Helstu markmið skipulagsins eru sett fram í fjórum flokkum, þau eru:

Byggðarmynstur

- að í Arnarlandi risi borgarumhverfi með lifandi starfsemi og góðum íbúðum á samgöngu- og þróunarás miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.

Vistvænar samgöngur

- að í Arnarlandi verði greitt aðgengi að fjölbreyttum og vistvænum ferðamátum

Náttúran í borgarumhverfinu

- að í Arnarlandi verði gott aðgengi að fjölbreyttum útivistar- og grænum svæðum bæði innan hverfisins og í nærumhverfinu.

Samfélag og lýðheilsa

- að í Arnarlandi risi blönduð byggð sem styður við samfélagsheild og bættu lýðheilsu íbúa og gesta.

Samhliða deiliskipulagi er lögð fram sameiginleg umhverfismatsskýrsla fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða, umhverfismatsskýrsla, breyting á aðalskipulagi og

gerð nýs deiliskipulags fyrir Arnarland í Garðabæ, unnin af EFLU verkfræðistofu.

Tillagan lögð fram eins fljótt og auðið er í samvinnu við Vegagerðina

Skipulagsnefnd leggur áherslu á að tillaga að deiliskipulagi Arnarnesháls verði lögð fram eins fljótt og auðið er í samvinnu við Vegagerðina sem nær til aðgerða til þess að greiða fyrir umferð akandi, gangandi og hjólandi vegfarenda á svæðinu í kringum Arnarland.

Forhönnun aðgerða til að bæta umferðarflæði og öryggi við hringtorg á mótum Arnarnesháls, Bæjarbrautar og Fífuhvamsvegar liggja fyrir. Skipulagsnefnd leggur áherslu á að ráðist verði í þær framkvæmdir sem fyrst.

Kynningarfundur

Þriðjudaginn 11.júní nk. kl. 17

Skipulagsnefnd mun vísa tillögunni ásamt umhverfismatsskýrslu til auglýsingar. Tillagan skal auglýst samhliða tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar sem nær til sama svæðis.

AUGLÝST ER EFTIR UMSÓKNUM Í PRÓUNARSJÓÐ GRUNNSKÓLA Í GARÐABÆ

Garðabær auglýsir eftir umsóknum til síðari úthlutunar úr próunarsjóði grunnskóla Garðabæjar

Garðabær auglýsir eftir umsóknum vegna úthlutunar úr Próunarsjóði grunnskóla Garðabæjar. Próunarsjóðnum er ætlað að stuðla að nýbreytni og framþróun í starfi skóla í Garðabæ. Einstaka kennarar, kennarahópar, aðrir fagaðilar sem starfa við skóla í Garðabæ, einn skóli eða fleiri skólar/fagaðilar í sameiningu, fræðslu- og menningarsvið í samstarfi við skóla geta sótt um styrk í sjóðinn.

Til annarrar úthlutunar árið 2024 eru 11,5 milljónir.

Áhersluþættir Próunarsjóðs grunnskóla 2024 - 2025

- Samskipta-, samkenndar- og leiðtogaþjálfun. Velliðan í skóla.
- Læsi og íslenska sem annað tungumál.
- Menntun til farsældar barna og ungmenna í barnvænu samfélagi.
- Framsæknir kennsluhættir og samvinna kennara/fagaðila, s.s. áhersla á tækni, nýsköpun og raungreinakennslu.
- Heilsueflandi skólalæsi andlega, líkamlega og félagslega

• Nánari upplýsingar um áherslur sjóðsins má finna á heimasíðu próunarsjóðs leik- og grunnskóla Garðabæjar:

<https://www.gardabaer.is/ibuar/skolar-og-daggaesla/throunarsjodir/uthlutunir/>
Einnig er hægt að sækja um styrki til verkefna sem styðja við skólanámskrá og sérstöðu hvers skóla. Við afgreiðslu er m.a. horft til tengingar við fræðasamfélagið og samstarfs milli skóla og skólalista.

Umsóknir skulu hafa borist fyrir 15. september og verður þeim svarað fyrir 15. október.

Nánari upplýsingar um reglur áherslur sjóðsins má finna á vef próunarsjóðs leik- og grunnskóla Garðabæjar á gardabaer.is

Frekari upplýsingar veitir Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi í s. 525 8500




Ungar hjá Gerði og Garðari



Tveir ungar eru komnir hjá Tjaldarparinu, Gerði og Garðari, en þau hafa gert sér hreiður á þaki Garðatorgs 7, á bæjarskrifstofum Garðabæjar. Þangað hafa þau hafa vanið komur sínar á þakið - að minnsta kosti síðastliðin 10 ár eða svo- og reynt að koma upp ungum.

Garðabær setti í vor upp beint streymi frá þakinu á Garðatorgi, en þar er hægt að fylgjast með fuglunum – og vonandi ungum þegar þeir geta sótt sér sjálfir mat þegar liður á sumarið. Gestir á

Garðatorgi verða án efa varir við söng og köll í Tjaldinum sem hrekur aðra fugla á brott til að vernda ungvæðið. Ungarnir tveir verða vonandi fleygir á tímabilinu 30. júní – 4. júlí. Arndís Kjartansdóttir, starfsmaður tölvudeildar Garðabæjar, hefur tekið Gerði og Garðar undir sinn verndarvæng og síðustu ár hefur hún gefið fuglunum mjólmorm og vatn til að aðstoða parið við að koma ungum á legg. Myndavélinni er beint að fóðurstað fuglanna, til að trufla ekki varpið. Streymið má finna á vef Garðabæjar.



SUMARMESSUR Í GARÐAKIRKJU

2024

Alla sunnudaga kl 11:00

2. júní – Sjómannadagurinn

Sr. Matthildur Bjarnadóttir.
Organisti: Jóhann Baldvinsson.
Messukaffi í hlöðu: Sjómannalögin.

9. júní

Sr. Bolli Pétur Bollason.
Organisti: Jóhann Baldvinsson.
Messukaffi í hlöðu:
Valdimar Tómasson skáld flytur ljóð.

16. júní

Benedikt Sigurðsson guðfræðinemi
og sr. Matthildur Bjarnadóttir.
Organisti:
Sveinn Arnar Sæmundsson.
Messukaffi í hlöðu:
Guðmundur Pálmarsson kennir
öndun til heilsueflingar.

23. júní

Sr. Jónína Ólafsdóttir.
Organisti: Kári Þormar.
Messukaffi í hlöðu:
Jónatan Garðarson flytur erindi:
„Kirkjan sem hvarf og birtist aftur.“

30. júní

Sr. Aldís Rut Gísladóttir.
Organisti: Kári Þormar.
Messukaffi í hlöðu: Komið og dansið
kenna línudans og sænskt buggi.

7. júlí

Sr. Hans Guðberg Alfreðsson.
Tónlist: Jazztrío.
Messukaffi í hlöðu:
Garðálfarnir, kór eldri borgara
syngja.

14. júlí

Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir fjallar um
ljóð skáldsins Ísaks Harðarsonar.
Tónlist: Davíð Sigurgeirsson og
félagar í gospelkór Jóns Vídalíns.
Messukaffi í hlöðu:
Guðmundur Brynjólfsson
rithöfundur og djákni flytur ljóð.

21. júlí

Sr. Jónína Ólafsdóttir.
Organisti: Kári Þormar.
Messukaffi í hlöðu:
Marína Ósk söngkona syngur gamla
góða slagara.

28. júlí

Sr. Sigurvin Lárus Jónsson.
Tónlist: Davíð Sigurgeirsson.
og félagar í gospelkór Jóns Vídalíns.
Messukaffi í hlöðu:
Björn Pétursson bæjarminjavörður
Hafnarfjarðar „Garðakirkja
og kirkjulausi kaupstaðurinn.“

4. ágúst

Sr. Sighvatur Karlsson.
Organisti: Kári Þormar.
Messukaffi:
Egill Þórðarson fjallar um júlí slysið.

11. ágúst

Sr. Arnór Bjarki Blomsterberg.
Tónlist: Karl Olgeirsson.
Messukaffið í hlöðu:
Kennsla og keppni í pílukasti.

18. ágúst

Sr. Einar Eyjólfsson.
Tónlist: Örn Arnarson
og Erna Kirstín Blöndal.
Messukaffi í hlöðu:
Sögustund um lífið á bænum Krók.

25. ágúst

Sr. Bragi J. Ingibergsson.
Organisti:
Sveinn Arnar Sæmundsson.
Messukaffi í hlöðu:
Sóknarbandið spilar.



Skapandi sumarnámskeið í Hönnunarsafninu og á Bókasafni Garðabæjar

Dagana 10. – 14. júní verða tvö frábær námskeið í boði fyrir 9 – 12 ára krakka á vegum safnanna í Garðabæ. Annars vegar fyrir hádegi á Bókasafni Garðabæjar, Garðatorgi 7 þar sem Bergrún Íris rit- og myndhöfundur leiðir skrif- og teiknismiðju og hins vegar eftir hádegi í Hönnunarsafni Íslands á Garðatorgi 1 þar sem Kristín María Sigþórsdóttir hönnuður leiðir hönnunarmiðju.

Námskeiðið með Bergrónu Írisi fer fram frá kl. 10 – 12 alla dagana en Bergrónu kennir grunntækni skapandi skrifa en mikið verður unnið með teikningar. Þannig mun námskeiðið höfða jafnt til þeirra sem kjósa að segja sögur í orðum eða í myndum. Þátttakendur eru velkomnir á safnið frá klukkan 9 en spil, fönður og önnur afþreying verður í boði þar til Bergrónu hefur leika klukkan 10.

Nánari upplýsingar má finna á facebooksiðu Bókasafnsins.

Í Hönnunarsafninu er sama aldurshópi, 9 – 12 ára, boðið að taka þátt í námskeiði sem snýst um hönnun á heimili. Hönnuðurinn Kristín María mun virkja sköpunarkraft þátttakenda, hjálpa þeim að hugsa með höndunum og spreyta sig á ólíkum aðferðum í hönnun. Í lok námskeiðs geta þátttakendur tekið módelin með sér heim. Námskeiðið í Hönnunarsafninu fer fram frá klukkan 13-16 alla dagana en skráning fer fram á tix.is. Nánari upplýsingar eru á vef Hönnunarsafnsins og facebook.



Bergrónu Íris leiðir skrif- og teiknismiðju



Á ferð með FEBG á Njáluslóðum

Um miðjan maí var vel heppnuð ferð á vegum Félags Eldri Borgara í Garðabæ á Njáluslóðum. Lagt var af stað úr Garðabæ árla morguns og var Sigurbergur Árnason leiðsögumaður með hópnunum.

Við byrjuðum á að fara að Laugardælakirkju og rifjuðum upp sögu Bobby Fisher, afrek hans og litum til skákafreka hans. Gengum að leiði hans en hann hvílir í Laugardælakirkjugarði.

Næst lá leiðin að Odda á Rangárvöllum, sagt frá staðnum, sögunni og fræddumst um kirkjuna og ýmsa muni sem prýða kirkjuna. Við fengum frábæra staðarfrásögn hjá Sr. Elínu Hrunn Kristjánsdóttur.

Fórum yfir sögu Sæmundar Fróða, gengum að minnisvarða um hann sem er í Odda. Næsti viðkomustaður var að Keldum á Rangárvöllum, skoðuðum staðinn og fengum upplýsingar um grjóthleðslur og margt fleira.

Nú lá leiðin á veitingastaðinn Björkina á Hvolsvelli þar sem við snæddum hádegisverð. Þessu næst lá leiðin í Fíjótshlíðina. Ekið að Hlíðarenda önduðum að okkur sögunni í logni og undur fallegu vorveðri.

Rifuðum upp söguna en sagan greinir frá Njáli Þorgeirssyni bónda og höfðingja á Bergþórshvoli og sonum hans, en þeirra fræknastur var Skarphéðinn.

Einnig fjallar hún um Hallgerði langbrók og Gunnar á Hlíðarenda. Fleiri nafntogaðar persónur koma við sögu. Og við settum okkur inn í samtímann fyrir meira en 1000 árum. Létum hugann reika til Gunnars á Hlíðarenda, Hallgerðar Langbrókar og Bergþóru og Njálsbrennu. Horfðum yfir í Gunnarshólma þar sem Gunnar sneri aftur.

Þessu næst komum við að og gengum að Gluggafossi, ægifigur foss, sem er rétt fyrir innan Þorsteinslund, um 21 km frá Hvolsvelli. Hann er í Merkjá, smá á sem merkir landaskilin milli Hlíðarenda og Múlakots. Fossarnir eru í raun tveir, sá neðri breiður og lágur, sá efri er Gluggafoss, tignarlegur og hár um það bil 45 metrar á hæð. Saman nefnast þeir Merkjárfossar.

Þessu næst var ekið suður á bóginn að Bergþórshvoli og fórum yfir söguþráðinn um Njálsbrennu þar sem bærinn Bergþórshvoll var brenndur og inn í honum brenna Njáll og Bergþóra kona hans og synir þeirra. Reyndum að setja okkur inn í atburðina í þessari meira ein 1000 ára gömlu frásögn.

Sigurbergur Árnason var leiðsögumaður í ferðinni og Hallgrímur var bílstjórinn frá GJ travel.

Mikill eðal hópur var þarna á ferðinni.

Laufey Jóhannsdóttir



18 metra staur fyrir farsímastenda við Ásabraut

Lögð hefur verið fram tillaga í skipulagsnefnd að breytingu deiliskipulags Hraunsholts vestra (Ásahverfis) sem gerir ráð fyrir að staur fyrir farsímastenda við Ásabraut, á opnu svæði við gatnamót Ásabrautar við Stórás.



Hæð staurins yrði allt að 18 metrum til þess að þjóna austurhluta Ásahverfis. Með því móti geta þeir aðilar sem reka farsímaþjónustu nýtt sér aðstöðuna. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar.

eignaumsjon.is

VR

FYRIRMYNDAR
FYRIRTÆKI 2023

Eignaumsjón

2023

Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Vikisjaldhúsið Skeddon

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á tjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800



**HAFID**
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -

**Grillvörur Hafsins eru
komnar í verslanir okkar**

Lions styður rannsóknir á gigt

Landsþing Lionssamtakanna var haldið á Álftanesi

Landsþing Lions á Íslandi fór fram dagana 10. og 11. maí sl. á Álftanesi. Landsþingið er haldið árlega en þetta var þing númer 69. Að þessu sinni var sérlega vandað til setningar þingsins þegar fánur prýdd skrudganga var frá Reiðhöll Hestamannafélagsins Sóta og að þingstað í íþróttamiðstöðinni. Skrudgangan þótti sérlega tilkomumikil þar sem í broddi fylkingar fóru sex reiðmenn á jafn mörgum hestum, hver um sig með þjóðfána á stöng. Hátt í 200 manns mættu til þings sem þótti takast með ágætum, var bæði starfsamt, áhugavert og skemmtilegt.

Á Íslandi eru 76 Lionsklúbbar og félagar nálægt 1750. Landinu er skipt í tvö Lions-umdæmi, umdæmi A og B og er sérstök stjórn yfir hvoru umdæmi. Á landsvísi stýrir svo stjórn fjöllumdæmisins starfsemi. Fjöllumdæmisstjóri er Sigfríð Andradóttir en Baldur Ingi Karlsson og Friðrik Hansen Guðmundsson stýra umdæmunum tveim.

Þessar skipulagseiningar héldu allar aðalfund sinn og réðu ráðum sínum þessa vordaga í íþróttamiðstöðinni. Kosið var í nefndir og embætti, skýrslur fluttar um Lionsstarfið, verkefni kynnt, fjármál afgreidd, viðurkenningar veittar og ávörp flutt. Lionsklúbbur Álftaness hélt utanum framkvæmdahljóða, útvegaði húsnæði, undirbjó þingið, annaðist veitingar og stóð



Á Landsþingi Lions! F.v. Jörundur Jökulsson, Gunnar Valur Gíslason, Þorgeir Magnússon, Kristján Þórarinnsson, Magnús Árni Sigfússon og Jónatan Smári Svavarsson

fyrir skemmtunum að kvöldi þingdaganna. Lionsklúbburinn Seyla, sem er hinn klúbburinn á Álftanesi, kom einnig að þinginu af alknunum dugnaði.

Þingblaðið og gigtin

Lionsklúbbur Álftaness gaf út blað af þessu tilefni þar sem eru m.a. ávörp og greinar um Lionsstarfsemi á Íslandi auk þess sem dr. Katrín Þórarinsdóttir yfirlæknir á gigtardeild LSH ritar grein um rannsóknir á gigtarsjúkdómum. Hún var einnig með fyrirlestur á þinginu um sama efni, en Lkl. Álftaness hefur sérstakan áhuga á þessum rannsóknum, hyggst styrkja þær og vinnur að því að kynna verkefnið og tengja það við Lionssamtökin á Íslandi.

Von okkar er sú að gigtarverkefnið verði valið til að njóta afraksturs af sölu Rauðu fjaðrarinnar þegar fram líða stundir. Við sjáum hvað setur. Fyrsta milljónin er í höfn, ágóðinn af sölu auglýsinga í þingblaðinu sem nefnt var, rennur til gigtarverkefnisins auk þess sem Lkl. Álftaness hefur ákveðið að leggja verkefnið viðbótarfé úr eigin verkefnasjóði.

Annað verkefni sem kynnt var á þinginu var "Broskarlar í Afríku", en það snýst um að hjálpa nemendum á fátækustu svæðum Afríku að stunda nám með því að veita þeim aðgang að kennsluferfi sem vísindamenn við Háskóla Íslands hafa þróað. Lionsklúbbur Álftaness hefur einnig ákveðið að styrkja þetta verkefni með fé úr verkefnasjóði.

ári. Í dag eru félagar 38 að tölu og formaður er Jörundur Jökulsson. Fundað er annan hvern fimmtudag yfir vetrarmánuðina og reynt að hafa fundina þannig að það sé tilhlökkunarefni að sækja þá. Til að halda svona hóp saman verður að rækta góðan anda innan hans, annars týna félagar fljótt tölunni. Það er okkar reynsla.



Almar bæjarstjóri ásamt Herði Sigurjónssyni Þing- og Protocolstjóri Lions á Landsþinginu á Álftanesi

Við reynum því að hafa gaman á fundunum, borðum góðan mat, spáum í hlutina, förum með visnamál og spjöllum um það sem helst brennur á mönnum. Stundum fáum við til okkar fyrirlesara til að fjalla um sérhæfð efni eða förum út í bæ til að brjóta upp formið. Við höfum í gegnum tíðina farið í nokkrar jeppaferðir og einu sinni héldum við námskeið í vísnaverð. Konukvöld er fastur liður, stundum úti á landi, og eiginkonunum þá gert hátt undir höfði. Klúbburinn hefur nokkrum sinnum farið í skemmtiferðir til útlanda, meira að

Skötuveisla og blót

Það kostar nokkurn tíma og fyrirhöfn að afla fjár til líknarverkefna, en reynsla okkar er sú að það gengur ágætlega ef allir leggjast á eitt. Okkur reynist best að hafa fjárfélunarkerfnið fá en sem stærst í sniðum, lætur vel að taka tamar og drifa hlutina af. Þorablót í febrúar og skötuveisla á Pollák eru dæmi um slíkt og eru löngu orðnir rötgrónir viðburðir í bæjarlífinu. Skötuveislan er á vissan hátt aðalsmerki okkar. Hún er sérlega vinsæl, enda vandað til verkunar skötunnar, saman ber limruna:

Rétt fyrir Jesúm í jötunni
étum við börðin á skötunni
og lyktin er best
ef hún líkist því mest
að lögn hafi bilað í götunni.



Gunnar Valur og Þorgeir í skrudgöngunni á Landsþinginu

Að láta gott af sér leiða

Verkefni okkar til öflunar fjár til góðra verka eru auðvitað orðin fjölmörg á þessum bráðum fjöruárum, allt frá persólu í gamla daga, uppsetningu jólaþjónna, þöklagningar, stéttagerðar, björgunarstarfa, málingarvinnu og keyrslu hrossataðs í heimagarða, til fyrr nefnds þorablóts og skötuveislu. Þeim fjárumum sem þannig hefur verið safnað hefur verið veitt til ýmissa brýnna mála, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í samvinnu við aðra Lionsklúbba hefur verið stutt við hjálparkerfi Lionshreyfingarinnar þegar kall hefur komið þaðan, hvort sem það er vegna hörmunga úti í heimi eða atburða innanlands. Innansveitar hefur fé verið veitt til ýmissa þarfra mála sem ekki verða rakin hér, en þeir þekkja sem notið hafa. Stundum höfum við sinnt hópum sérstaklega, þreytt spilamennsku við eldri borgara, haldið bingóskemmtanir og lengi farið árlega í vorferðir með útskriftarárgang leikskólabarna upp í sveit.

Þeir sem hafa áhuga á að starfa með okkur geta snúið sér til formanns. Við fögnum nýjum félögum.

Þorgeir Magnússon,
félagi í Lionsklúbba Álftaness.



Móttaka á Bessastöðum. Forseti Íslands ásamt formanni Lkl. Álftaness, bæjarstjóra Garðabæjar og eiginkonum þeirra.



Inntaka nýs félaga í Lkl. Álftaness. Magnús Árni Sigfússon, Gunnar Valur Gíslason, Brynjar Þór Árnason og Jörundur Jökulsson.

Lionsklúbbur Álftaness

Nóg um landsþing Lionshreyfingarinnar að sinni. Á Álftanesi eru tveir Lionsklúbbar starfaandi. Annars vegar Lkl. Álftaness og hins vegar Lkl. Seyla, sem er kvennaklúbbur. Lkl. Álftaness verður fertugur á næsta

segja til Kúbu og er ein slík fyrirhuguð til Ubgverjalands í haust.

Stærsta hreyfingin

Lions er stærsta alþjóðlega þjónustuhreyfing heims. Í dag starfa yfir 1,4 milljónir Lionsfélaga í 46.000 klúbbum í 206 löndum.



Við setningu Lionsþings. Fánar klubbanna mynda fánaborg



Við setningu Lionsþingsins. Fánaberar riðu í fararbroddi skrudgöngunnar

OPNA SEYLU-GOLFMÓTIÐ

Lionsklúbburinn Seyla heldur opið kvennagolfmót laugardaginn 8. júní, á golfvelli á Álftanesi

Golfmótið er punktamót og spilaðar verða 18 holar Mótið hefst kl. 13:00 – Mæting við nýja golfskálann kl. 12:30

Glæsilegir vinningar í boði fyrir fyrstu þrjú sætin Tvenn nándarverðlaun og dregið verður úr skorkortum

Veitingar á vægu verði að loknu móti

Mótsgjald kr. 4.500

Allur ágóði rennur til góðgerðarmála

Skráning á golf.is

Umsjón: gudrunmaria@simnet.is





Sumarnámskeið

í Garðabæ

www.gardabaer.is


Skemmtileg
námskeið í
allt sumar!

Mikið úrval sumarnámskeiða fyrir börn verður í boði sumarið **2024** á vegum félaga í Garðabæ.

Í boði eru fjölmörg skemmtileg og þroskandi námskeið í öruggu umhverfi.



GARÐABÆR



Gríptu tækifærið

Bragðaðu á glænýjum
tímabundnum réttum
á veitingastað IKEA



Kóresk nautaloka
með hvítkálssalati
chili-majó og frönskum

1.595,-

Stökkir kjúklingabitar
með frönskum og hrásalati

1.195,-



Veitingastaðurinn er opinn
11-19:30 alla daga
Skoðaðu aðra afgreiðslutíma á IKEA.is

